

Gítar: Að stilla strengina - opin stilling

Það er mikilvægt að gítarinn sé rétt **stilltur** áður en þú byrjar að spila.


Hver strengur er stilltur í ákveðinni **tónhæð** sem nefnist ákveðinn **bókstaf**:



Ef þú notar **stilli-tæki** getur þú séð bókstafina á tækinu.

Það er líka hægt að nota **forrit í snjalltæki** til að stilla gítarinn með.

Ef gítarinn er í **opinni stillingu** er hægt að spila hljóma á gítarnum með því að klemma fingurinn á alla strengina í einu og færa fingurinn eftir merkingum á hálsinum:



Ef þér finnst erfitt að klemma alla strengina í einu getur þú líka klemmt aðeins nokkra strengi og slegið svo bara þá strengi með hægri hönd.

Sumum finnst gott að nota **capó/klemmu** til að setja á gítarhálsinn og færa á milli hljóma.